

Nd.

1019. Breytingartillögur

[274. mál]

við frv. til laga um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað „að fyrirbyggja“ komi: að koma í veg fyrir.
2. Við 3. gr. b-lið. Í stað orðanna „ákveðin hámark“ komi: ákveðið hámark.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „eða verði þeir varir við skaðvaldinn sjálfan“ komi: eða verða varir við skaðvaldinn sjálfan.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Þeim, sem brýtur ákvæði laga þessara, er skylt að hlíta fyrir mælum landbúnaðarráðherra eða umboðsmanna hans um varnaraðgerðir vegna brotsins. Skal hann framkvæma þau fyrir mæli á eigin kostnað og undir eftirliti opinberra aðila, en einnig eru þeim aðilum heimil slíkar varnaraðgerðir á kostnað þess, sem sök ber. Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, er heimilt að greiða kostnað við hana úr ríkissjóði.